

## 13.fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn þriðjudaginn 08. desember 2015 og hófst hann kl. 15:00

### Mætt eru:

Dagrún Þórisdóttir, Kristinn Lárusson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Svala Sævarsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá:

#### 1. Tónlistarskóli Langanesbyggðar

Elías Pétursson var áheyrandi undir þessum lið.

Ingveldur fór yfir stöðu tónlistarskólans og lagði fram skóladagatal tónlistarskólans 2015-2016 til kynningar. *Samkvæmt framlögðu skóladagatali vantar 6 vikur til þess að skóladagatal sé 35 vikur sem er það lágmark sem miðað er við um árlegan starfstíma tónlistarskóla án sérstakrar undanþágu eða samkomulags. Skólastjóra er falið að vinna nýtt skóladagatal sem gerir ráð fyrir 35 – 37 vikna kennslutíma miðað við fullt skólaár.*

Fræðslunefnd lýsir yfir áhyggjum sínum að nemendur í fullu námi við Tónlistarskólann njóti einungis 40 mín einstaklingskennslu á viku þar sem aðalnámsskrá gerir ráð fyrir 60 mín. Einnig er gerð athugasemd við að ekki sé framkvæmt reglubundið námsmat við skólann.

Starfsfólk Tónlistarskólans gegnir sömu skyldum og nýtur sömu réttinda og annað starfsfólk í samreknum skóla svo lengi sem þau réttindi stangast ekki á við ákvæði kjarasamninga. Í skólanámsskrá Grunnskólans á Þórshöfn 2015-2016, er þess getið að Tónlistarskóli Langanesbyggðar heyri undir skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn og fer hann með daglega stjórnun skólans. Kennarar Tónlistarskólans eru hluti af því starfslíði sem tilheyrir samreknum grunn- og tónlistarskóla. Til viðmiðunar skal stjórnandi Tónlistarskólans hafa, vegna skipulagningar skólastarfs, inngangskafli kjarasamnings Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

Fræðslunefnd samþykkir að farið verði í gerð skólastefnu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps vegna Tónlistarskólans. Skal stefna unnin eftir áherslum sem fram koma í Aðalnámsskrá tónlistarskóla. Þá er mælt til þess að í framhaldinu verði unnin sérstök námskrá sem gerir grein fyrir helstu áherslum í starfsemi Tónlistarskólans.

Ingveldur, Ásdís og Elías yfirgefa fundinn.

---



Langanesbyggð

## **2. Læsteymi Menntamálastofnunar**

Fræðslunefnd fagnar tilkomu þess og lýsir ánægju sinni með væntanlega ráðgjöf, fræðslu og samstarf.

### **3. Skólanámskrá Grunnskólans á Þórshöfn**

Samþykkt samhljóða

### **4. Skólanámsskrá Grunnskólans á Bakkafirði**

Samþykkt samhljóða

### **5. Starfsáætlun Grunnskólans á Þórshöfn**

Samþykkt samhljóða

### **6. Starfsáætlun Grunnskólans á Bakkafirði**

Mjög vel unnin.

Samþykkt samhljóða

### **7. Lykiltölur fyrir grunnskólana og leikskólann**

Upplýsingar frá skólunum lagðar fram og rýndar.

### **8. Gátlisti yfir lagalegar skyldur fræðslunefnda**

Frestað til næsta fundar.

### **9. Önnur mál**

Umræða fór fram undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:15

